

### 43. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 8. janúar 2007

Haldinn kl. 12-13 í húsnæði Samorku á Suðurlandsvegi.

Mætt: María, Gestur, Helga, Ragna, Bjarni Reyrr, Hildur og Sigurlaug.

Gestur fundarins var Sigríður Baldursdóttir sem var hjá CLF síðastliðið vor í rannsóknarverkefni.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt.

Svarbréf frá ÞSSÍ

Stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) tók styrktarumsókn stjórnar Alnæmisbarna fyrir á fundi 12. desember. Fallist var á að greiða óbreyttan styrk árið 2007, sem er 15 þúsund bandaríkjadóllarar. Þess var jafnframt getið að þetta væri lokastyrkur ÞSSÍ við verkefnið. Búið er að láta Rosette hjá CLF vita um styrkinn og jafnframt að þetta sé í síðasta sinn sem hann er veittur.

Staðan hjá CLF og fundur með Ágústu og Lilju, ÞSSÍ, 28. des. sl.

Rosette vill halda starfsemi CLF áfram þar sem hún vill ekki vinna við Kítetikaskólann. Búið er að skipa 5 manna stjórn CLF. Þetta eru þau Rita Kujala (finnsk), Gestur, Catherine Othieno (úganskur mannfræðingur), Xavier Mugisha (prófessor) og John Baptist Lwanga. Þau eru farin að undirbúa að sækja um styrk til ICEIDA í Kampala, UNIFEM og fleiri staða. Erla fékk styrk frá ICEIDA á sínum tíma og síðan aftur í nafni Alnæmisbarna. ICEIDA hefur einnig styrkt önnur félagasamtök (NGOs). Rosette er búin að senda drög að ársskýrslu fyrir 2006.

Gestur er búin að skrifa bréf og senda til lögfræðingsins Charles þar sem fram kemur að hann sé löglegur erfingi /ráðandi hluthafi CLF. Það þarf að fylgja því eftir.

María kom með drög að samkomulagi á milli CLF og Alnæmisbarna. Það þarf að vinna það aðeins betur áður en það verður sent áfram. Þar sem Alnæmisbörn eru ábyrg fyrir styrk frá ÞSSÍ á þessu ári er slíkt samkomulag afar mikilvægt.

Gestur kemur til með að senda stjórn Alnæmisbarna fundargerðir stjórnar CLF þegar slíkir fundir verða haldnir. Það auðveldar upplýsingaflæði og samræmi þarna á milli.

Tillögur að stofnun lánasjóðs fyrir CLF-stúlkur o.fl.

María sendi þann 8. des. bréf til Rosette um mögulegan lánasjóð fyrir stúlkur CLF. Greint er frá skilyrðum til lánveitinga úr sjóðnum eftir að dvöl þeirra í CLF lýkur. Þessi lánasjóður byggist á hugmynd og framkvæmd nóbelsverðlaunahafa síðasta árs en hann var verðlaunaður fyrir lánasjóðakerfi sem hann byggði upp í heimalandi sínu Bangladesh. Hann veitir fátæku fólki lán til ýmis konar atvinnureksturs og þykja þessar lánveitingar hafa heppnast afburða vel. Um lítil lán eru að ræða og skila um 95% af lánunum sér tilbaka. Myndaður eru hópar í fyrstu, fáeinum í hverjum hóp veitt lán, síðan er fylgst með hvernig gengur hjá þeim áður en hinum í hópnum eru líka veitt lán. Vextir eru 16% til ákveðins tíma. Lánþegar fá jafnframt fræðslur um fyrirtækjarekstur o.fl. þess háttar. Þeir ákveða sjálfir til hvaða verkefna þeir nýta lánið en það getur verið einstaklingsbundið eftir áhugasviðum og bakgrunni hvers og eins. Hvatning og aðhald sem myndast í hópnum virðist hafa mjög góð áhrif.

Alnæmisbörn hyggjast stofna sérsjóð/sérstakan bankareikning til þess að koma slíkri lánastarfsemi af stað. Rosette sendi uppkast að fyrirkomulagi sjóðsins og sendu María og Gestur henni athugasemdir. Beðið eftir svari frá henni. Ákveðið að setja í sjóðinn 100.000,- til þess að byrja með.

Ákveðið að fá fund með Valgerði Sverrisdóttur, ráðherra, áður en hún heldur til Afríku í febrúar. María pantar tíma.

#### Samstarf við UAF – Uganda Australian Foundation

Mynda þarf samstarf við UAF – Uganda Australian Foundation - sem er stjórn Kitetikaskólans. María ætlar að skrifa þeim bréf og segja frá markmiðum Alnæmisbarna og fá frá þeim hugmyndir um samstarfsfleti. Hægt er að koma þessu af stað t.d. með því að Alnæmisbörn veitir þeim styrk til þess að kaupa lóð. Kitetika gæti síðan sent umsókn um styrk til ICEIDA í Uganda til þess að byggja skólann. Hægt er að skipuleggja ýmsa starfsemi þessu tengt eins og ræktun, kertagerð, ilmólúgerð, bývaxgerð og leikskóla.

#### Félagsfundur Alnæmisbarna í janúarlök – staður og stund

Ákveðið að halda félagsfundinn fimmtudaginn 25. janúar kl. 12:15 en Sigríður Baldursdóttir verður fyrirlesari fundarins og segir frá dvöl sinni með stelpunum í CLF og niðurstöðum rannsókna sinna. Fundurinn verður haldinn í Víðgelmi sem er salur á 1. hæð hjá Orkustofnun, að Grensásvegi 9. Allir ætla að vera duglegir að láta félagsmenn og helst fleiri vita um fundinn.

#### Aðalfundur – ákveða stað og stund

Ákveðið að halda aðalfund Alnæmisbarna fimmtudaginn 15. mars. Kanna á Víðgelmi eða fyrirlesttrasal RKÍ sem mögulegan fundarstað.

#### Heimasíða – staða

Bjarni tjáir okkur að uppsetning nýrrar heimasíðu sé nánast lokið, aðeins sé eftir að fínþússa hana og gefa fulltrúum stjórnarinnar lykilorð svo þeir geti sjálfir sett inn efni. Mikilvægt að hafa fréttir frá CLF inn á heimasíðunni, einnig frá Kítetika þegar sú starfsemi fer í gang. Þýða þarf markmið Almæmisbarna og fleiri slíka þætti yfir á ensku. Setja þarf fyrirlestur Sigríðar og myndir úr heimsókn hennar til Úganda líka inn á heimasíðu Almæmisbarna.

#### Fjármál

Rosette sækir um styrk til Almæmisbarna til þess að borga húsaleiguna fyrsta helming þessa árs og var það samþykkt. Þetta eru 3.600.000,- Ugs.,- og hefur húsaleigan hækkað frá því greitt var síðast.

Á þessu ári þarf í viðbót við hefðbundin gjöld að greiða fyrir mögulega lóð við Kítetikaskólann, í nýja lánasjóðinn og e.t.v. eitthvað meira uppbyggilegt.

#### Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður þriðjud. 6. feb. kl.12-13 hjá Sillu á Landspítalanum í Fossvogi í fundarherbergi inn af matsalnum á 1. hæð.

Sigurlaug Hauksdóttir,

ritari stjórnar